

Þorlákshöfn hafnarvörður

Þorlákshafnarhöfn óskar eftir að ráða hafnarvörð við höfnina í Þorlákshöfn.

Starfið er unnið í vaktavinnu.

Hafnarvörður annast almenna starfsemi hafnarinnar og þjónustu við viðskiptavini hennar. Hann vinnur að vigtun sjávarafla og skráningu upplýsinga um löndun í gagnagrunn Fiskistofu ásamt skráningu og skýrslugerðum sem við kemur allri umferð um hafnarsvæði og hafsögu.

Öryggiseftirlit á hafnarsvæðum, öryggismál og mengunarvarnir falla einnig undir starfssvið hafnarvarðar ásamt ýmsum öðrum verkefnum, s.s. að raða skipum í höfn, binda skip við bryggju, afgreiða vatn og rafmagn til skipa og sinna daglegu viðhaldi hafna og búnaðar í samstarfi við aðra starfsmenn Þorlákshafnar.

Um er að ræða 100% starf.

Menntun og reynsla:

- Gerð er krafa um nokkra starfs- og/eða stjórnunarreynslu sem nýtist í starfi.
- Almenn ökuréttindi
- Löggilding vigtarmanns
- Réttindi til hafnarverndar
- Vélstjórnarpróf er kostur
- Reynsla af störfum á hafnarsvæðum og/eða stjórnunarreynsla sem nýtist í starfi.
- Góð verkunnátta í meðhöndlun og stjórnun véla og tækjabúnaðar sem tengist hafnarstarfsemi

Hæfni:

- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni við skráningu gagna
- Ríkuleg þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhersla er lögð á vandvirkni og nákvæmni í öllum störfum
- Dugnaður, vinnusemi og sveigjanleiki

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2026.

Launakjör eru samkvæmt samningum launaneftdar sveitarfélaga við FOSS. Nánari upplýsingar um starfið veitir Benjamín Þorvaldsson, hafnarstjóri í síma 480-3602 eða í gegnum tölvupóst á benjamin@olfus.is Umsóknir skulu sendar www.olfus.is Með umsókn skal fylgja ferilskrá og afrit af viðeigandi réttindum. Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.